

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 1998-2018, íbúðarsvæði, Einholt.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 26. apríl 2004 staðfest breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 1998-2018 frá 4. september 1998.

Breytingin felst í því að óbyggt almennt útivistarsvæði norðan Einhólts verður íbúðarsvæði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Akureyrar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfisráðuneytinu, 26. apríl 2004.*

**Siv Friðleifsdóttir.**

---

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*